

## Stjórnarfundur þriðjudaginn 14. maí 2019

Kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mætt á fund:** Inga Auðbjörg, Hope, Mörður, Kristín, Siggeir, Auður, Margrét, Sigmundur

**Boðuð forföll:** Sigurður Hólm Gunnarsson (vegna veikinda), Jens Ívar Jóhannuson Albertsson, Kristinn Theodórsson og Sveinn Atli Gunnarsson.

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

### Dagskrá/Fundargerð

#### 1. Störf stjórnar

Formaður heldur hugleiðingu um störf stjórnar.

Ákveðið að fundartími stjórnar verði fyrsti þriðjudagur í mánuði, kl. 17:30

Ákveðið að framkvæmdastjóri hafi 100.000 kr. heimild.

Framkvæmdastjóri leggur til að einhver af auka tölvum félagsins verði uppsett fyrir afleysingu á skrifstofu og aðgengileg án fyrirvara með tölvupósthólfum og tilheyrandi, svo sem aðgengi að Reglu og Borgun.

#### 2. Skipun í ráð og nefndir

##### a. Sjá hugmyndir formanns

Minnisblað lagt fram

##### b. Framtíð ráða sem hafa þegar verið skipuð.

##### c. Skipun ráða

##### d. Á að stjórn að senda út ný og ítarlegri skipunarbréf með upplýsingum um hlutverk, verklag og tímaramma?

Grunnhugmynd formanns að ráðum og nefndum samþykkt. Næsta skref að óska eftir tilnefningum og framboðum í þau ráð og nefndir sem við á.

#### 3. Undirritun og innsending lögbundinna skjala fyrir nýja stjórn

Framkvæmdastjóri leggur skjölin fram til undirritunar. Allir stjórnarmenn þurfa að rita undir skjölin, mikilvægt að það verði klárað sem fyrst.

#### 4. Viðurkenningar -

##### a. Tilnefningar

- i. Sævar Helgi (fr. og v.)
  1. Samþykkt
- ii. Hvað höfum við gert? (fr. og v.)
  1. Hafnað
- iii. Bára (h)
  1. Hefur þegar fengið margar viðurkenningar
- iv. Claudie Ashonie Wilson (h)
  1. Hafnað á grundvelli þess að hún gæti fengið viðurkenningu hvenær sem er.
- v. Börn í Hagaskóla (h)
  1. Samþykkt

##### b. Afhending

Í lokin á ráðstefnu 1. júní

##### c. Viðurkenningargripir

Stjórn metur hvort að það þurfi að endurskoða formið á viðurkenningum/gripunum.

#### 5. Borgaraleg ferming

##### a. Fundur með Jóhanni

Jóhann, Hope, Siggeir og Inga funduðu í dag og fóru yfir ýmsa hluti sem tengjast BF. Góður fundur og jákvætt andrúmsloft. Inga tók niður punkta sem hún mun deila með stjórn.

##### b. Endurmat

Frestað.

#### 6. John de Lancie í heimsókn í september 2019.

##### A. Undirbúningsteymi

Frestað.

#### 7. Umhverfisstefna Siðmenntar?

##### a. Stefna

##### b. Kolefnisjöfnun 2018

Frestað.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

#### 8. Sumarafleysing á skrifstofu

Hver á að leysa framkvæmdastjóra af í lok júní og fram í júlí (um 4 vikur). Framkvæmdastjóri hefur samband við Steinar, ef hann hefur ekki áhuga þarf að leita annarra leiða fljótt. Margrét hefur lýst yfir áhuga á að taka verkefnið að sér.

#### 9. Tölvu- og tæknimál

Koma þarf þeim málum sem þola ekki mikla bið, t.d. umsjón tölvupósts og stýringu og admin réttindi á Google Drive og Dropbox, í fastar skorður. Siggí verður í sambandi við Siggeir í vikunni til að fara yfir þetta.

Þá þarf einnig að huga að vefmálum til framtíðar. Varla hægt að vinna í bakenda vefsíðunnar eins og staðan er núna.

Siggí leggur til að prufa nýjan hýsingaraðila eða kaupa sér server fyrir Siðmennt hjá 1984.

#### 10. Önnur mál

Engin önnur mál.

**Fundi slitið klukkan: 19:00**

**Næsti stjórnarfundur haldinn: Þriðjudaginn 4. júní**